

**Ákvæði til bráðabirgða:**

Fyrir hús, sem hafa sérkyndingu og eru á þeim svæðum, sem hitaveituáætlunin 1961 náði til, skulu heimæðagjöld haldast óbreytt frá því, sem þau voru í gjaldskrá samþ. í borgarstjórn Reykjavíkur 22. júlí 1965, staðfest af félagsmálaráðuneytinu 10. ágúst s. á.

Þetta gildir þó aðeins fyrir hús, sem tengd eru við hitaveituna fyrir 1. júlí 1967.

Fyrir hús í nýjum hverfum, sem ekki fá hitaveitu um leið og húsin eru byggð, er borgarráði heimilt að ákveða afslátt af nýju heimæðagjöldunum, ef fullnægjandi kynditæki hafa verið sett í húsin áður en þau eru tengd hitaveitunni.

Verðhækkun sú, sem ákveðin er með þessari gjaldskrá, skal framkvæmd samkvæmt eftirfarandi reglum:

1. Notkun samkvæmt mælaálestri í ágúst skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 10% álagi.
2. Notkun samkvæmt mælaálestri í september skal greidd eftir eldri gjaldskrá með 20% álagi.
3. Notkun samkvæmt mælaálestri í október skal reiknuð á einingarverði gjaldskrár þessarar og síðan öll notkun úr því.
4. Þar sem álestur mæla fer fram mánaðarlega, skal notkun samkvæmt álestri í ágúst greidd með einingarverði gjaldskrár þessarar.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 38 12. febrúar 1940.

*Félagsmálaráðuneytið, 29. júlí 1966.*

**Magnús Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

**um fasteignaskatt í Blönduóshreppi,  
Austur-Húnavatnssýslu.**

Fasteignaskatt í Blönduóshreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1966.*

**Magnús Jónsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*